

Reykjavík 18. ágúst 2015

Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að þingsályktunartillögu um geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlun

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnum drögum að þingsályktunartillögu um geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlun. Barnaheill eru sannfærð um að það verði mikið framfaraskref fyrir samfélagið, börn ekki síst, ef tekst að ná samstöðu á Alþingi um að hrinda henni í framkvæmd. Barnaheill leggja mikla áherslu á að hin heildræna hugsun og nálgun, sem fram kemur í mörgum tillagna draganna, sé afar mikilvæg við gerð áætlana og við rekstur samfélagsins. Það þarf að horfa með heildstæðum og víðsýnum hætti á samfélagið allt, virkja sem flesta til ábyrgðar hugsunar og að eyða fordómum og ótta gagnvart geð-/heilsu eða vanheilsu. Það þarf að skapa bestu mögulegu skilyrði svo börn megi lifa og þroskast og njóta mannréttinda sinna eins og kveðið er á um þau í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þó mikilvægi framsýni verði ekki of oft undirstrikað, er ekki síður mikilvægt að bregðast við bráðum vanda geðheilbrigðiskerfisins nú þegar. Það þarf að bregðast með skjótum og skilvirkum hætti við allt of hægri þjónustu við börn sem eru í þörf fyrir stuðning og meðferð vegna geðraskana. Mörg börn sem bíða greiningar á geðheilsu sinni í dag þurfa að líða mannréttindabrot vegna þeirrar allt of hægu afgreiðslu sem þau þurfa að þola af hendi geðheilbrigðisyfirvalda. Þau njóta ekki þeirrar þjónustu og þess stuðnings sem þau eiga lögvarinn rétt til vegna ofurálags á stofnunum og vegna langs viðbragðstíma yfirvalda til að vinna bug á vandanum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja ráðuneytið og þá sem ábyrgir eru fyrir því að útdeila fjármunum úr ríkissjóði til að bregðast strax við með myndarlegum hætti til að bæta líf barna sem ekki njóta réttinda sinna til geðheilbrigðisþjónustu í dag.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja ríka áherslu á að nauðsynlegt er að vinna markvisst að forvörnum, með geðræktarverkefnum fyrir börn á öllum aldri, með skimun og snemmtækri íhlutun. Jafnframt vilja Barnaheill undirstrika að heildræn hugsun um heilbrigði er nauðsynleg, andleg og líkamleg heilsa eru nátengdar og hafa áhrif í báðar áttir.

Enn fremur hvetja Barnaheill ráðafólk til að leggja ríka áherslu á að áætlunin komist í framkvæmd og minna ennfremur á að það er sparnaður til framtíðar að verja fjármunum í forvarnir.

Barnaheill leggja sérstaka áherslu á og vísa til réttar barna til bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu eins og kveðið er á um hann í 23. og 24. gr. Barnasáttmálans. Börnum má ekki mismuna og þau eiga að njóta þess að búa við sömu tækifæri til heilbrigðis og til að lifa hamingjuríku lífi.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri